

Sundlauganótt Grafarvogslaug

15.02.2014

Dagskrá

Flóðljós

kl. 19:00 -24:00

Allt önnur stemming flæðandi um hús og sundlaugabakka. Sjáðu, finndu og upplifðu hvernig umhverfið breytist með kyndlum og kertaljósum. Listasýning á verkum Korpúlfa í anddyri og óvænt uppákoma . Kaffi á könnunni.

Tónaflóð

kl. 19.00 – 19:30

Hvernig ætli sé að synda við undirleik lúðrasveitar? Skólahljómsveit Grafarvogs kyndir undir stemmingu kvöldsins og setur Sundlauganótt

Vatnsfimi og samhæfð hreyfing

kl. 19:30 – 19:50

Samhæfð hreyfilist í vatni með Korpúlfum undir taktfastrí stjórn Öldu Maríu. Allir vita að léttara er að hreyfa sig í vatni þó gefur vatnið mikla mótstöðu og eflir hreyfinguna. Komdu og prufaðu

Ljóð um ljós

Kl. 19:50 – 20:10

Hvaða ljóð skyldu verða fyrir valinu. Félagar úr Korpúlfum flytja fyrir okkur nokkur ljóð um ljós.

Skvettuleikar

kl. 20:00 – 22:00

Hver getur skvett hæst? Taktu þátt í að búa til stórar skvettur í leiklauginni. Sjáðu og finndu aðdráttarafl jarðar í virkni.

Tónadýrð Korpúlfa.

kl. 20:10 – 20:30

Slökun við söng, hvernig er það? Geislandi kórtónar Korpúlfa gera vatnið mýkra að liggja í. Harmonikka og sög leika undir.

Söngleikar

kl. 20:30 – 21:30

Þau eru flink og þau eru framtíðin. Fulltrúar félagsmiðstöðvanna í Grafarvogi sem keppa á SAMFÉS og sem kepptu á RÍMNAFLÆÐI flytja fyrir okkur atriðin sín.

Tveir Kassar

kl. 21:30 -22:30

Annar plokkar strengi og hinn slær trommu. Örugglega allt önnur stemming í pottaspjallinu við þeirra undirleik.

dj. flugvél og geimskip

kl. 22:30 – 23:30

dj. flugvél og geimskip hefur þróað saman sjónræna og hljóðræna upplifun sem samanstendur af ljósum og tónlist. Tónleikarnir eru upplifun fyrir augu og eyru sem hrífa áhorfandann með inn í annan heim. Sérstakt ljósashow og sögur lokka hugann frá stað og stund.